

„Að koma sér af stað“

Berglind Hálfhálsdóttir talaði um samskipti við Landlæknisembættið og Sí áður en ljósmæður hefja störf í heimaþjónustu, sagt var frá tilkynningu um rekstur heilbrigisþjónustu sem þarf að skila til Landlæknis. Hún sagði frá faglegum lágmarkskröfum, hvað felst í þeim og hvar þær er að finna á netinu. Rætt var um skráningu og varðveislu gagna. Spurt var hvort LMFÍ hefði einhvern samning um kaup á rekstrarvörum og hjúkrunarvörum sem er ekki. Berglind óskaði eftir að vefstjóri heimasíðu félagsins, Signý Dóra, sæi til þess að tekinn yrði saman listi yfir hvar þessar vörur fást til þess að auðvelda ljósmæðrum að verða sér út um þær vörur sem þær þurfa fyrir þjónustuna.

Sagt var frá faglegum leiðbeiningum og hvar þær er að finna, talað um heilsufarsflokkun móður og barns. Sérstaklega bent á hættumerki hjá móður og barni og ljósmæður hvattar til að prenta það út og afhenda mæðrum í sængurlegunni.

Sagt var frá rammamningi við Sí, hvað þarf að fylgja þegar ljósmæður gerast aðilar að samningnum, tryggingarnar, ljósmæðraleysi og staðfestingu Landlæknis á sjálfstæðum rekstri ljósmæðra. Berglind sýndi vef Sí og hvar hægt er að finna það sem snýr að ljósmæðrum.

Rætt var um blóðprufur vegna gulu, að það sé í rauninni ekki í samningnum að ljósmæðrum beri skylda til þess að taka þessar prufur og ljósmæður voru sammála um að það sé eðlilegara að börnin séu blossa mæld fyrst, sængurkvennagangur og Hreiðrið skiptast á að taka við þessum tilfellum, nefnt var að það þyrfti að tala við deildarstjóra deildanna svo allir viti, bæði ljósmæður inná fæðingar og sængurlegudeildum LSH og ljósmæður í heimaþjónustu, hvernig eigi að bera sig að í þessum tilfellum, óskað var eftir að fagdeild um heimaþjónustu gangi í þetta mál, um leið var óskað eftir að ítreka að inná LSH þurfi ljósmæður að kvitta fyrir heilsufarsflokkuninni á „gula blaðið“ áður en konan útskrifast.

Kristbjörg Magnúsdóttir talaði svo um fjármálahlutann varðandi reksturinn.

Óskað var eftir að Kristbjörg sendi glærurnar til ljósmæðra. Hún talaði um eyðublöðin sem skila þarf til skattstjóra. Hún útskýrði reiknaða endurgjaldið, skattinn, lífeyrissjóð, tryggingagjald og þess háttar sem sjálfstætt starfandi ljósmæður þurfa að standa skil á. Hún talaði líka um skýrslu ljósmóður sem skila þarf til Sí með reikningunum, hvað þarf að koma þar fram. Talaði svo um reikningana sem við skilum til Sí.

Eftir hádegishlé.

Hulda Sigurlína byrjaði á að tala um brjóstgjöfina fyrstu vikuna eftir fæðingu.

Byrjað var að tala um ásættanlegt þyngdartap nýbura og vigtun. Í framhaldinu var talaðu um snuðanotkun. Rætt var um fjölda gjafa á 1. og 2. sólahring. Eftir það var talaðu um handmjólkun og mikilvægi þess að örva framleiðslu ef barnið er latt. Hulda talaði um að örvun á fyrstu dögum hefði áhrif á áframhaldandi brjóstgjöf, ef lítil örvun í byrjun þá væru auknar líkur á að konan hætti eða minnkaði verulega brjóstgjöf um 6 vikna aldur. Hulda talaði um að gott væri að kenna konum handmjólkun á fyrstu dögnum.

Hulda nefndi fyrirburana sem líta út eins og fullburða, þau sem eru 35-38 vikur og eru oft með lélegan sogkraft. Mikilvægi örvunar og gefa ábót með hjálparbrjósti (sondu og sprautu).

Næst var talað um stálma, almennt væri talað um mjólka ekki en ef um er að ræða alvarlegan stálma geti hann hindrað framleiðslu og þá er gott að mjólka til að létta á bólgunni.

Þá var talað um þau börn sem þarf að vikta oft og seinkaða mjólkurmyndun. Talað var um áhættuþætti seinnkaðrar mjólkurmyndunar. Talað var svo um nálastungur í sængurlegunni.

Þá var rætt um umbúðir á sár á geirvörtum. Hulda lagði svo áherslu á að horfa á gjafirnar í fyrstu vitjununum.

Næst talaði Eva Börk Guðmundsdóttir sem á dóttur sem er greind með efnaskiptasjúkdóminn MCAD, hún talaði um nýburaskimun út frá sjónarhorni foreldris og reynslu sína af því að eiga og ala upp barn með efnaskiptasjúkdóm.

Næst svöruðu Leifur Fransson og Lilja Eiríksdóttir spurningum um sýnatökuna. Þau munu senda fljótlega nýjar leiðbeiningar til ljósmæðra. Þar kom fram að mikilvægt er að taka prufuna sem allra næst 72 tímum (plús/mínus 6 klst helst ef hægt er). Þetta er mikilvægt til þess að hægt sé að greina aðra sjaldgæfa efnaskiptasjúkdóma eins og t.d. MCAD.

Að lokum talaði Bergrún Jónsdóttir að tala um frágang skjala. Hún byrjaði á að tala um mælingar á gulu, rætt var aftur um að við eigum að geta sent börn í blossa á sængurkvennagangi og í Hreiðrinu og staðfesti Guðrún Gunnlaugsdóttir, deildarstjóri í Hreiðrinu það. Bergrún vakti líka athygli á grein Önnu Siggú í ljómæðrablaðinu um gulu sem er góð lesning fyrir ljósmæður. Rætt var um viktanir og ef allt gengur vel og er eðlilegt þá þurfum við ekki að vikta börnin en ef þörf er á því þá er hægt að fá lánaðar viktur á Hreiðrinu og í sumum heilsugæslustöðvum. Rætt var um skil á PKU að hægt væri að láta foreldra skila því í 5 daga skoðun, best væri þá að móttökuritari tæki við því. Guðrún Gunnlaugsdóttir ætlar að athuga þetta. Talað var um að á næstunni mun LSH hætta að prenta út tilkynningu um fæðingu og útskrift, þá munu ljósmæður þurfa að hafa sitt blað sem þær munu nota fyrir skráningu í sængurlegu. Þetta þarf fagdeildinni að skoða hið allra fyrsta og kanna hvenær þessar breytingar eru fyrirhugaðar. Upp kom sú hugmynd að settur yrði upp gagnagrunnur fyrir þetta.